

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1973

Nr. 28.

68

10. janúar 1973.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1973.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1973:

Þorskur:

U.S. cent á lb. Cif.

4 × 14 m.r. interl.	40.90
4 × 14 r.l.	49.10
10 × 5 og 3 × 18	64.50
5 × 10	67.20
4 × 15	69.00
12 × 1	69.00
Blokk	48.00
Blokk 24½	49.00

Ýsa:

10 × 5 og 3 × 18	71.70
12 × 1	75.30
Blokk	60.00
Blokk 24½	61.00

Steinbítur:

10 × 5	67.00
12 × 1	69.70
Blokk	51.00

Karfi:

8 × 7 m.r.	31.75
10 × 5 m.r.	41.10
10 × 5 r.l.	45.60
12 × 1	50.10
Lausfrystur m.r. og b.	47.00
Blokk	50.00

Ufsi:

8 × 7 r.l.	26.47
4 × 6 kg	26.76
10 × 5	37.00
Blokk	29.00

Langa:	U.S. cent á lb. Cif.
8 × 7 r.l.	28.92
10 × 5	62.50
Blokk	44.00
Grálúða:	
Heilfryst	30.55
Blokk	36.30
Heilfrystur fiskur	13.72

Verðbil verði 2.5%, en 5% fyrir framleiðslu, sem seld er til Sovétríkjanna aðra en karfaframleiðslu, fyrir hana verður það 10%. Miðast þessi verðbil við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. janúar 1973,

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 25. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 73 22. maí 1965 og breytingu á þeim lögum, sbr. lög nr. 32 7. apríl 1971, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Samkvæmt 1. gr. laganna er veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 200 milljónum króna. Vaxtabréfin skiptast í flokka og er 19. flokkur þeirra sá, sem fyrst kemur til framkvæmda. Flokkur þessi nefnist 25. flokkur. Samanlögð fjárhæð bankavaxtabréfa í þessum flokki má ekki fara fram úr 40 milljónum króna. Áður hafa verið staðfestar reglugerðir um útgáfu bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 73 22. maí 1965 og lögum nr. 32 7. apríl 1971 fyrir 19., 20., 21., 22., 23. og 24. flokk að fjárhæð samtals 160 milljónir króna.

Heimilt er með samþykki ráðherra, að hafa fleiri en einn flokk með mismunandi vöxtum starfandi í senn. Ráðherra ákveður, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, hvenær flokknum skuli lokið.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf til handhafa, (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin. Ráðherra og bankastjórnar Landsbankans geta með umboði falið öðrum undirritun bankavaxtabréfanna. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugerð þessari. Fjárhæð þeirra skal vera 10 000.00 kr. og skal hvert vaxtabréf vera tölusett og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, sem stjórn Landsbankans